



## Fundargerð

Fundur í fjallskilanefnd Reykhólahrepps  
mánudaginn 24. ágúst 2015 kl. 13.

Fundarstaður: Stjórnsýsluhúsið, Maríutróð 5a, Reykhólum.

Mættir: Einar Hafliðason formaður, Hafliði Ólafsson, Herdís Matthíasdóttir, Tómas Sigurgeirsson og Þráinn Hjálmarsson. Einnig sat fundinn Ingibjörg B. Erlingsdóttir sveitarstjóri og ritaði fundargerð.

Formaður nefndarinnar setti fundinn.

## Dagskrá:

### Mál til afgreiðslu

#### 1. Fjallskil og fjallskilaseðill 2015.

*Tómas lagði fram tillögu að breytingu á réttardegi í Kinnarstaðarétt. Réttað verði samdægurs, þ.e. á laugardegi. Tillagan er samþykkt samhljóða.*

*Rætt var um að leita ekki Djúpið ef veður er slæmt, að menn gefi sig fram við Tómas Sigurgeirsson, Leif Samúelsson og Einar Hafliðason sem vilja taka þátt í leitum. Hugað verði að leitum frá og með 1. september eftir því sem veður leyfir.*

*Stefnt verður að smalamennskum í Múlasveit frá og með 10. september 2015.*

*Engar breytingar verða á leitar- eða réttarstjórum.*

*Réttardagar verða eftirfarandi:*

*Kinnarstaðarétt 19. september kl. 18.*

*Króksfjarðarnesrétt 19. september.*

*Eyrarétt 12. september.*

#### 2. Fjallskil Kirkjubóli.

Erindi frá bændum Innri-Múla, dagsett 10. ágúst 2015.

*Nefndin, telur ekki hægt að verða við erindinu. Samþykkt samhljóða.*

### Önnur mál ( ef einhver)

#### Fundargerð lesin, fundi slitið 14.

_____	_____
_____	_____
_____	_____